

FLOKKURINN

STEFNAN

AÐILDARFÉLÖG

UMRÆÐA

FRÉTTIR



Markmið **SAMSTÖÐU flokks lýðræðis og velferðar** er samfélag þar sem nægilegur jöfnuður ríkir til að einstaklingar geti þroskast á eigin forsendum og hafi sem jafnasta möguleika til virkrar þátttöku í lýðræðislegri ákvarðanatöku í nærsamfélaginu og samfélaginu í heild. **SAMSTAÐA** berst gegn fákeppni í atvinnulífni og vill tryggja atvinnufrelsi einstaklinganna.

Skráning

## 6 Sérfræðingaræði gegn lýðræði

May

Ívar Jónsson skrifar:



Helstu aðilarnir í valdakerfi samfélagsins sem áhrif hafa á skoðunarmyndun almennings eru hagsmunasamtök atvinnulífsins, fjölmiðlar, fyrirtæki, háskólar og stjórnmalaflokkarnir. Hlutverk stjórnmalaflokka er að skilgreina hvert samfélaginu í heild sinni beri að stefna. Aðrir valdaaðilar skilgreina ógjarnan opinberlega hver samfélagsleg framtíðarsýn þeirra er en þeir byggja starf sitt engu að síður á hugmyndafræði sem liggur til grundvallar sýn þeirra á hver eru hreyfifól samfélagsþróunarinnar, hvers eðlis samskipti milli manna eru og hvert eðli mannsins er.

Eftir hrunið hafa þær raddir verið háværar sem krefjast þess að sérfræðingar, helst erlendir, taki við stjórnartaumunum hér á landi. Þeir sem þannig tala vilja koma á sérfræðingaræði (teknókrasíu) í stað þess þingræðis og svokallaða lýðræðis sem ríkir á Íslandi.

Þeir sem þannig tala virðast gefa sér að sérfræðingar og vísindamenn háskólanna séu óbundnir af hugmyndafræðilegum gildum og niðurstöður þeirra hlutlæggar og óskeikular. Þessi sjónarmið eru hættuleg lýðræðinu. Dæmin eru mýmörg um uppkeypta vísindamenn og pantaðar rannsóknarniðurstöður. En vandamálið er jafnvel enn meira því vísindagreinar byggja oft á hugmyndafræðilegum forsendum, ósönnuðum hugmyndum um eðli mannsins og hugmyndum um hvernig samfélagið eigi að vera. Hagfræði er gott dæmi um þetta.

### Hagfræði sem hugmyndafræði

John Stuart Mill, einn helsti heimspekingur frjálshyggju og frumkvöðull vestrænnar hagfræði, varaði mjög við því í sjálfsvísingu sinni að hagfræðingar gerðust hugmyndafræðingar og segðu mönnum fyrir hvernig samfélagið á að vera. Hagfræðingar líta svo á að lögmál markaðarins séu óskeikul náttúruleg og þau eigi að ráða hver tekjudreifingin í samfélaginu sé. Hann skrifaði: „hvernig tekjudreifingu er háttáð er [...] er háð mannlegum vilja [...] afleiðing tiltekinna samfélagslegra aðstæðna.“

En hagfræðingar eru trúir hugmyndafræði sinni eins og sést þegar þeir rísa upp til varnar ofurlaunum og ofurbónusum bankastjóra og forstjóra fyrirtækja því „markaðurinn“ á að ákvarða laun manna segja þeir. Röksemdafærslan er einmitt sú að á “frjálsum markað” fá hæfustu einstaklingarnir hæstu launin og fjármagn leiti þangað sem hagnaðarvonin er mest og jafnvægi skapist í hagkerfinu.

Því miður er það svo að þessi hugsun byggir á staðleysum eins og sést þegar lítið er til þeirra forsenda sem hagfræðingar gefa sér um skilvirkan markað en flestir hagfræðingar á Íslandi tilheyra þröngsýnni hjörð skólaspekinga hagfræðinnar:

A. Um um hvernig viðskipti milli seljenda og kaupenda virka:

- 1) Framboð og spurn eftir vörum ræðst af verði þeirra.
- 2) Viðskipti á mörkuðum eru kostnaðarlaus og það kostar ekkert að viðhalda þeim. Þ.e. viðskiptin eru “frjáls” og “hindrunarlaus”

B. Um mannlegt eðli:

- 3) Allir þeir einstaklingar sem tilheyra tilteknu hagkerfi á tilteknum tíma eru skynsamir og markmið þeirra er að hámarka persónuleg not sín með þeim vörum sem þeim stendur til boða.
- 4) Allir einstaklingarnir í hagkerfinu geta nýtt sér upplýsingar án nokkurra vandkvæða.
- 5) Allir einstaklingarnir hafa fullkomna vitneskju um allt sem hægt er að vita og hafa fullkomna vitneskju um hvað hinir einstaklingarnir í hagkerfinu vita og hafa auk þess fullkomna vitneskju um hvað hinir vita um hvað þeir vita ... ad infinitum. Í þessu sambandi er talað um sameiginlega vitneskju

### Nýjasta efnið

- Aðildarviðræðuferlið sundrar þjóðinni á tímum sem kalla á samstöðu
- Lánamál heimilanna eru látin reka á reiðanum
- Jón Helgi Egilsson leiðir annan fundinn í fundaróðinni: Fjármálastefnan og framtíðin
- SAMSTÖÐUfréttir sendar út í annað skipti
- Það er þörf fyrir samstöðu
- Sérfræðingaræði gegn lýðræði
- Bloggarar meðal stjórnarlíða SAMSTÖÐU
- Misnotkun á pólitískum hugtökum stendur í vegi fyrir alvöru breytingum
- Aðgerðarlaus verkalýðsforysta
- Frjálst flæði fjármagns er stærsta ógæfa þjóðarinnar
- Ungliðahreyfing SAMSTÖÐU auglýsir
- Skiptigengisleiðin skapar samstöðu
- Hátiðarkveðjur til heiðurs þeim sem barist hafa fyrir bættum kjörum launafólks á Íslandi
- Formaður SAMSTÖÐU-Reykjavík í Silfrinu
- Góður fundur um fjármálastefnuna og framtíðina í gærkvöldi

### Eldra efni

- May 2012
- April 2012
- March 2012
- February 2012

### Tilkynningar um ný skrif

Hér getur þú skráð þig á póstlista og fengið tilkynningar í hvert skipti sem við setjum nýtt efni á vefinn.

Your email:

allra.

6) Not manna eða ánægja einkennist af minnkandi jaðarmotum. Þ.e. eftirspurn einstaklinga eftir vörum og um leið það verð sem þeir eru tilbúnir að greiða fyrir þær minnkar eftir því sem þeir eignast meira magn af þeim.

Veffang: [www.xc.is](http://www.xc.is)

Netfang: [samstada@xc.is](mailto:samstada@xc.is)

C. *Um eðli atvinnugreina:*

7) Allar vörur tiltekinnar atvinnugreinar eru einsleitir. Þ.e. ekki skiptir máli hverjir framleiðendurnir eru innan tiltekinnar atvinnugreinar því vörurnar eru fullkomlega sambærilegar og því skiptir ekki máli frá hvaða framleiðanda kaupandinn kaupir vöruna.

8) Í hverri atvinnugrein er óendanlegur fjöldi fyrirtækja.

9) Allar vörur sem framleiddar eru í ólíkum atvinnugreinum eru sundurleitir. Þ.e. ekki er hægt að skipta út vöru úr einni atvinnugrein fyrir vöru úr annarri atvinnugrein.

10) Það er kostnaðarlaust fyrir kaupendur að skipta um birgja innan viðkomandi atvinnugreinar. Þ.e. kaupandinn getur hætt að versla við tiltekinn birgi og hafið viðskipti við annan án þess að það feli í sér aukinn kostnað.

D. *Um eðli fyrirtækja:*

11) Sérhvert fyrirtæki er óháð öllum öðrum fyrirtækjum (engin tengsl eru milli þeirra þegar þau taka ákvarðanir).

12) Sérhvert fyrirtæki framleiðir aðeins eina vöru.

13) Fyrirtækin eru "atomísk". Þ.e. þau hafa enga eigin hagsmuni því allar bjargir þeirra og íhlutir eru tilkomnir gegnum markaðsviðskipti.

14) Það kostar ný fyrirtæki ekki meira að koma inn á markað en það kostar þau fyrirtæki sem fyrir eru á markaðnum að vera á markaðnum.

15) Fyrirtæki geta farið af markaðnum sér að kostnaðarlausu.\*

Þetta er kjarninn í hugmyndafræði hagfræðinnar og kröfum þeirra eða „ráðgjöf“ eins og það er kallað um hvernig efnahagslífið og um leið samfélagið á að vera í draumalandi markaðshyggjunnar. Á þessum forsendum er hagfræði skólaspekinnar byggð og spár hagfræðinga um efnahagslega framvindu. Er nema von að spár þeirra standast sjaldnast? Er nema von að þessi fræði séu ganglaust tæki á tímum efnahagskreppu?

#### Lýðræðið dæmist á okkur

En málið er því miður alvarlegra en svo að það snúist um líkón og tölfræðileiki hagfræðinga. Krafan um sérfræðingaveldi er hættuleg lýðræðinu. Sérfræðingarnir eru læstir í klóm hugmyndafræði fræðigreina sinna sem getur leitt samfélagsþróunina á villigötur sé farið að ráðum þeirra. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að innan allra fræðigreina eru ólíkar kenningar sem byggja á mismunandi hugmyndafræðilegum gildum. Við verðum sjálf að bera ábyrgð á samfélagsþróuninni. Við verðum sjálf að taka þátt í lýðræðislegri ákvarðanatöku á öllum stigum samfélagsins og bera ábyrgð á framtíð okkar og barna okkar. Það er kjarninn í kröfu SAMSTÖÐU um lýðræðislegt samfélag.

\* Sjá nánari umfjöllun í Ívar Jónsson (2008) **Nýsköpunar- og frumkvöðlafræði: Frá kenningum til athafna**, Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sjá einnig umræðu hagfræðinga sem andvígir eru hjarðhagfræði skólaspekinganna á slóðinni:

<http://www.paecon.net/PAEReview/>

Höfundur er sviðsstjóri

Synes godt om

15 personer synes godt om dette.